



Skógarvörðurinn á Norðurlandi Starfsskýrsla fyrir árið 2012



Sigurður Skúlason

1. VEDURFAR ÁRSINS

Veðurathugunum var hætt um áramót 2011/2012 og eru því ekki upplýsingar eins og verið hafa um veðurfar á árinu. Úrkoma er mæld á virkum dögum til samanburðar fyrir Veðurstofu Íslands. Framvegis verður að nálgast upplýsingar um veður hjá Veðurstofu Íslands.

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2.1. Laufgun og lauffall

Lerki farið að grænka 23. Maí og orðið algrænt 29. maí. Birki farið að grænka 25. maí, hálfútsprungið 31. maí og orðið algrænt 4. júní. Sölnun var ekki skráð þetta ár.

2.2. Vöxtur

Vöxtur var í meðallagi þetta ár á öllum trjágróðri þrátt fyrir mikla þurrka og kaldan maí.

2.3. Fræfall

Ekki var mikið fræ á trjám þetta ár og engu safnað úr skógi.

Úr skógi:

Engu var safnað úr skógi.



“Hrymur”

Úr fræhúsi:

Birki	Betula pubescens	Vaglafræhús	247 gr
Rússa x evrópulerki "Hrymur"	Larix sukaczewii x decidua	Vaglafræhús	206 gr
Evrópu x rússalerki "Hrymur"	Larix decidua x sukaczewii	Vaglafræhús	339 gr
Evrópu x rússalerki "Hrymur"	Larix decidua x sukaczewii	Vaglafræhús óhreinsað	729 gr
Japanslerki	Larix kaempferi	Vaglafræhús	5 gr

2.4. Skaðar

Engir tiltakanlegir skaðar voru á trjágróðri fyrr en í september þegar mikið norðanveður gekk yfir Norðurland. Mikið brot og sligun varð á trjágróðri, sérstaklega birki, sem kemur ekki endanlega í ljós fyrr en vorið 2013. Mikil snjóþyngsli voru frá mánaðarmótum nóvember/desember og má búast við einhverjum skemmdum eftir þau.



Snjóbrot eftir septemberveður

3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var þetta á árinu: Guðni Þ. Arnþórsson, aðstoðarskógarvörður og verkstjóri, Margrét Guðmundsdóttir sá um skrifstofu, áætlunargerð, fræumsjón auk þess að vera gjaldkeri stofnunarinnar. Guðrún Jónsdóttir vann við viðarvinnslu, frærækt og afgreiðslu á plöntum fyrir NLS. Teitur Davíðsson, Kristján H. Tryggvason og Valgeir Davíðsson unnu við skógarhögg, viðarvinnslu ofl. Sumarstarfsfólk var: Guðmundur Óli Gunnarsson, Hrafnhildur Ýr Jóhannsdóttir, Gestur Vagn Baldursson, Erlingur Viðarsson og Gunnhildur Arnþórsdóttir að hluta.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 38,170,732, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 10,171,954, ASÍ laun kr. 26,474,850, dagpeningar kr. 951,287, akstur kr. 572,641.

4. GIRÐINGAR

4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var svipað og síðustu ár.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 613,057, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 241,848, alls 106 vinnustundir. Verktakar kr. 365,506. Annar kostnaður var kr. 5,703.

Kostnaður við smölun var kr. 151,368 sem var til verktaka.

4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar á árinu.

5. SKÓGARHÖGG

5.1. Viður

Unnið var við grisjun og skógarhögg í Vaglaskógi, Þórðarstaðaskógi, Vöglum á Þelamörk, Ásbyrgi og lítlisháttar í Kristnesskógi.

Í **Vaglaskógi** var grisjað birki í reit 101 og 309. Stafafura í reit 289. Greni og fura í reit 11 og birkiskermur felldur í reitum 101, 111, 302, 309, 327 og 328, alls 3,68 ha.

Í **Þórðarstaðaskógi** var birkiskermur felldur í reitum 88, 92, 93 og í reit 61 var birki tekið vegna snjóbrots í september, alls 5,13 ha.

Á **Vöglum á Þelamörk** var fellt lerki í vegstæði fyrir nýrri aðkomuleið að skóginum.

Í **Ásbyrgi** var grisjað greni í reitum 9 og 10 og lerki í reitum 14 og 36. Efnið sem kom úr þessu var nýtt í hestarétt á svæðinu.

Í **Kristnesskógi** var lítlisháttar grisjað af lerki og sá Helgi Þórsson um það og nýtti efnið sjálfur m.a. í fjósinnréttingu, alls 2,8 m³.

Felldur viður:

Birki	114,5 m ³
Lerki	30,8 m ³
Greni/Fura	9,0 m ³

Alls 154,3 m³

5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir girðingastaurar voru seldir á árinu.



Lestun viðar til Elkem

5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir birki ca 20 kg	4013 pk
Arinviður stórir barr ca 20 kg	536 pk
Arinviður litlir birki ca 10 kg	20 pk
Arinv/eldiviður sag klofinn birki	0,5 m ³
Arinv/eldiviður sag klofinn barrviður	3 m ³
Eldiviður afsag	7 m ³
Arinviður/eldiviður alls í tonnum (þurrt) ca	94,96 tonn
Bolviður birki	0,29 m ³
Bolviður lerki	0,64 m ³
Bolviður fura og greni	60,46 m ³
Borð og plankar birki	0,11 m ³
Borð og plankar lerki	2,68 m ³
Borð og plankar fura og greni	0,14 m ³
Reykingaviður	1415 kg
Birkikurl/flís	3125 kg
Plattar	508 stk
Beðkurl .	31 m ³

5.1.3. Birgðir í árslok

Óköntuð borð birki	56 m	Arinviður ösp	20 pk
Óköntuð borð fura	260 m	Plattar hefllaðir	4726 stk
Köntuð borð lerki	60 m	Birkikurl/flís	1161 kg
Smíðaviður birki	241 m	Arinviður barr í grindum	3 m ³
Staurar 6 fet	672 stk	Birki afsag	6 m ³
Staurar 5 fet	158 stk	Birki spænir	342 kg
Arinviður stórir barr	154 pk	Birki spænir olía	75 kg
Arinviður stórir birki	342 pk		
Arinviður litlir barr	30 pk		

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 6,557 og laun og launatengd gjöld kr. 13,632,535, þar af kjarasamningargjöld s.s. orlof, veikindi og aðrar sammingsbundnar kjarabætur kr. 2,731,829, alls 1,352 vinnustundir. Annar kostnaður við grisjun og viðarvinnslu var kr. 476,626.

5.2. Jólatré

Taka jólatrjáa gekk illa vegna mikilla snjóa og var lítilsháttar tekið af rauðgreni í Þórðarstaðaskógi og nokkur stærri tré í Vaglaskógi. Farið var út í það að afgreiða tré frá Hallormstað á Norðurland.

Felld tré

	Rauðgr	Stafafura	Blágreni	Fjallap.	Samtals
Vaglaskógur	4				4
Þórðarstaðaskógur	42			1	43
Alls	46	0	0	1	47

Seld tré

Stærð	Rauðgr	Stafafura	Blágreni	Fjallap.	Samtals
Jólatré í pottum					0
070-100	13				13
101-125	7				7
126-150	11				11
151-175	1				1
176-200	4				4
201-250	3				3
251-300					0
301-400	1			1	2
401-500	1				1
501-600	1				1
Alls	42	0	0	1	43

Laun og launatengd gjöld v/töku og afhendingar jólatrjáa og greina var kr. 254,705, alls 123 vinnustundir, þar af kr. 41,662, alls 25 vinnustundir í kjarasamninga.

Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	216.285		216.285
Greinar	0		0
	Samtals	216.285	216.285

6. GRÓÐRARSTÖÐ

6.1. Fræplöntur

Engu var sáð 2012

6.2. Dreifsetning

Dreifsettar voru 6,715 aspir af ýmsum klónum til framhaldsræktunar fyrir Laxaborg í Dölum.

6.3. Garðplöntur

Afgreiddar voru 1,336 aspir úr beði í Laxaborg í Dölum.

6.4. Afhending skógplantna

Engin afhending á skógarplöntum árið 2012.

6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var svipuð og síðustu ár.

6.6. Nýframkvæmdir

Engar nýframkvæmdir voru á árinu.

6.8. Kostnaður

	Kr.	Tímar
Umhirða	16.410	8
Vetrarumbúnaður	13.025	5
	29.435	13

7. GRÓÐURSETNING

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

Engar gróðursetningar voru á árinu.

8. HIRÐING Í SKÓGLENDUM

Kjarrsögun	Vaglaskógur	310.171	164
"	Þórðarstaðaskógur	1.468.926	648

Kjarrsagað var með aðalleið um Lunds- og Þórðarstaðaskóg og var það tímafrekt verk og er enginn vafi á að kaupa þarf sláttuvél sem ræður við verkefnið.

9. BYGGINGAR

Lagfærð var klæðning í lofti og á veggjum í norðurhluta skemmu og það málað. Annað viðhald var í lágmarki, en mikil þörf er á auknu viðhaldi húseigna.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Aðeins eðlilegt viðhald á vélum og tækjum þetta árið. Tækin eru flest orðin gömul og þarfnast því eftirlits. Eldri arinviðarsög var send í Hvamm.

12. ÝMISLEGT

12.1. Fundir og ferðalög

1/2	Fór á fund á Egilsstöðum um fjárhagsáætlun.
2/2-3/2	Starfsmannafundur á Hallormsstað.
5/3	Fundur með skógarvörðum í Kópavogi.
28/4-29/4	Fagraðstefna á Húsavík
24/4	Fór í Ásbyrgi vegna lítilsháttar grisjunar á lerki, blágreni og hvítgreni.
8/5	Fór á fund með Vegagerðinni á Akureyri vegna vegar að Vöglum á Þelamörk.
20/6	Fundur í samstarfsnefnd SFR á Egilsstöðum.
21/6	Fundur á Akureyri vegna sýningar á Hrafnagili í ágúst.
10/8	Setning landbúnaðarsýningar á Hrafnagili.
24/8-26/8	Aðalfundur Skf. Íslands á Blönduósi.
7/9	Fór með Rúnari Ísleifssyni að Ysta Felli í Köldukinn á fund með landeigendum Fellsskógar.
1/10	Fór á fund á Akureyri með Guðmundi hjá G.V. gröfum vegna vegagerðar á Vöglum á Þelamörk.
4/10	Fór í Ásbyrgi með lóðaleigusamninga fyrir verslun og íbúðarhús til undirskriftar.
22/10	Fundur um stofnanasamning við SFR á Egilsstöðum.

12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var minna en síðustu ár og er ekki vitað um ástæðuna fyrir því. Haldið var áfram með rafmagnstengingu í Stórarjóðri, settir upp tengistaurar.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 5,349 sem skiptust þannig: Í júní 1,248. Í júlí 2,545. Í ágúst 1,556.

Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 6,780,849

Laun og launatengd gjöld voru kr. 4,834,152, alls 2,047 vinnustundir.

Annar kostnaður var kr. 3,995,813 s.s. tengigjöld, vinna við tengistaura, rafmagnskostnaður o.fl.

12.4. Annað

Námskeið í húsgagnasmíði voru haldin á Vöglum á vegum Landbúnaðarháskólans í mars og apríl. Kennarar voru Ólafur Oddsson og Ólafur Sæmundsen. Fjögurra skóga hlaup var haldið 28. júlí. Hlaupið var um Reykjaskóg, Þórðarstaðaskóg, Lundsskóg og Vaglaskóg og lauk á íþróttavelli Bjarma. Björgunarsveitin Þingey sá um framkvæmdina. Góð þátttaka var í hlaupinu og veður mjög gott. Landbúnaðarsýning var haldin á Hrafnagili 10/8 – 12/8 og var Skógrækt ríkisins ásamt öðrum skógræktaraðilum á Norðurlandi með bás á sýningunni. Lagður var nýr vegur að skóglendinu Vöglum á Þelamörk ásamt áningarplani sem auðveldar aðkomu gesta að svæðinu.



Ný aðkoma að Vöglum á Þelamörk

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki mínu gott samstarf á árinu.

Vöglum, nóvember 2013

Sigurður Skúlason, skógarvörður